

Reglur Tryggingamiðstöðvarinnar hf. um atkvæðagreiðslu utan hluthafafundar.

Útgáfa nr. 1, samþykkt af stjórn félagsins 18. desember 2013.

1. Almennt.

- 1.1. Hluthafi sem ekki sækir hluthafafund í Tryggingamiðstöðinni hf. né sendir umboðsmann í sinn stað er heimilt að greiða atkvæði fyrir fundinn um þau mál sem eru á dagskrá samkvæmt því sem nánar er mælt fyrir um í reglum þessum. Getur hluthafi í þessu skyni fengið sendan atkvæðaseðil, sbr. 1. mgr. 2. gr., eða greitt atkvæði á skrifstofu félagsins, sbr. 2. mgr. 2. gr.

2. Krafa um atkvæðagreiðslu utan hluthafafundar og afhending atkvæðaseðils.

- 2.1. Um leið og boðað hefur verið til hluthafafundar skv. 13. gr. samþykka félagsins getur hluthafi sem hyggst greiða atkvæði bréflega fyrir fundinn gert skriflega kröfu þar um til félagsins eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn. Kröfuna má senda félaginu í pósti, með tölvuskeyti á netfangið stjorn@tm.is eða á annan skriflegan og ótvíræðan máta. Um leið og krafa um bréflega atkvæðagreiðslu berst félaginu skal viðkomandi hluthafa sendur atkvæðaseðill, sbr. 3. gr. Atkvæðaseðillinn skal sendur hluthafanum í pósti á heimili hans eða með rafrænum hætti, sé þess óskað, á nánar tilgreint netfang eða á annan sambærilegan hátt.
- 2.2. Auk bréflégrar atkvæðagreiðslu skv. 1. mgr. skal hluthafi allt til þess tímamarks að atkvæðaseðli skal í síðasta lagi hafa verið skilað skv. 4. gr. eiga þess kost að greiða atkvæði á skrifstofu félagsins um fram komnar tillögur. Fær þá hluthafi afhentan atkvæðaseðil, sbr. 3. gr.

3. Atkvæðaseðillinn.

- 3.1. Atkvæðaseðill sem er afhentur hluthafa skv. 2. gr. skal útbúinn þannig að á honum komi fram nafn hluthafa, kennitala, heimilisfang, hlutfjáreign viðkomandi og fjöldi atkvæða sem hann fer með á hluthafafundinum. Þá skulu taldar upp þær tillögur sem lagðar verða fyrir hluthafafundinn og vitað er um á því tímamarki þegar félagið afhendir atkvæðaseðilinn, þ. á m. framboð til stjórnar þegar það á við. Skal atkvæðaseðillinn þannig úr garði gerður að hluthafi geti á skýran og ótvíræðan hátt gert grein fyrir afstöðu sinni til hvernar tillögu fyrir sig, hvort sem hann samþykkir tillögunu, samþykkir hana ekki eða greiðir ekki atkvæði um hana (situr hjá). Atkvæðaseðill skal undirritaður af hluthafanum sjálfum eða þeim sem greiðir atkvæði fyrir hans hönd sé um lögaðila að ræða. Á atkvæðaseðlinum skal jafnframt vera sérstakur reitur sem útfyllist af félaginu þar sem fram komi hvenær atkvæðaseðill er afhentur, þ.e. dagsetning, klukkustund og mínúta, og á sama hátt hvenær atkvæðaseðill er mótttekinn af félaginu.

4. Skil á atkvæðaseðli og staðfesting á uppruna hans.

- 4.1. Atkvæðaseðli sem afhentur hefur verið skv. 2. gr. skal skila á skrifstofu félagsins eigi síðar en fyrir lokun skrifstofunnar síðasta opnunardag fyrir þann dag sem hluthafafundurinn er haldinn. Innan tímafrestsins má einnig senda atkvæðaseðilinn með tölvuskeyti á netfangið stjorn@tm.is. Hluthafi ber ábyrgð á að atkvæðaseðill berist fyrir lok frestsins. Atkvæðaseðlar sem berast að liðnum fresti eru ógildir og koma ekki til skoðunar við talningu atkvæða á hluthafafundi.
- 4.2. Þegar atkvæðaseðli hefur verið skilað innan tilskilins frests skv. 1. mgr. getur félagið, á þann hátt sem það metur fullnægjandi, óskað staðfestingar viðkomandi hluthafa um að atkvæðaseðillinn stafi frá honum. Leiki vafi á því að atkvæðaseðill stafi frá þeim hluthafa sem tilgreindur er á seðlinum skal meta seðilinn ógildan.

5. Endurtekning atkvæðagreiðslu.

- 5.1. Innan þeirra tímamarka sem greinir í 2. gr. getur hluthafi fengið að endurtaka atkvæðagreiðsluna, einu sinni eða oftari. Nýti hluthafi sér þessa heimild skal við talningu atkvæða gilda sá atkvæðaseðill sem hann fékk síðast afhentan. Aðrir atkvæðaseðlar viðkomandi hluthafa eru ógildir.

6. Mæting á hluthafafundi.

- 6.1. Hluthafa, sem greitt hefur atkvæði utan hluthafafundar samkvæmt reglum þessum, er heimilt að mæta á hluthafafundinum. Um leið og hann skráir sig á fundinn og fær afhent fundargögn, þ. á m. atkvæðaseðla til notkunar á fundinum, falla úr gildi þau atkvæði sem hann hefur greitt fyrir fundinn.

7. Misræmi í atkvæðafjölda.

- 7.1. Áður en talning atkvæða hefst á hluthafafundi skal fundarstjóri kanna hvort fjöldi atkvæða sem tilgreindur er á atkvæðaseðli sem afhentur hefur verið skv. 4. gr. sé í samræmi við fjölda atkvæða sem viðkomandi hluthafi fer með á hluthafafundinum samkvæmt hlutaskrá félagsins sem liggur fyrir á fundinum. Gæti ósamræmis skal atkvæðaseðillinn gilda með þeim fjölda atkvæða sem hlutaskráin tilgreinir en atkvæðaseðill skal þó aldrei gilda um fleiri atkvæði en sem tilgreind eru á honum.

8. Ógilding atkvæðaseðils.

- 8.1. Ef vafi leikur á hvernig hluthafi hefur greitt atkvæði um tillögu sem getið er á atkvæðaseðli skal fundarstjóri úrskurða um gildi atkvæðisins. Úrskurðarins skal getið í fundargerðabók.

9. Gildistaka reglnanna.

- 9.1. Reglur þessar sem eru settar skv. 2. mgr. 14. samþykktá Tryggingamiðstöðvarinnar hf. og samþykktar á fundi stjórnar félagsins 18. desember 2013 öðlast þegar gildi.

Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

Elín Þámasdóttir
Andri Þ. Ólafsson
Ólafur Þorvaldursson
Bjarki Alex Bændur
Krisinn Frieg